

Húnabyggð  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduósi

Hvanneyri, 14. október 2025  
202509-0022/S.Þ.  
08.01

## Efni: Umsögn - Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps vegna efnistökusvæðis við Hnjúk í Vatnsdal, Húnabyggð.

Vísað er til erindis Húnabyggðar er barst 2. september sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna efnistökusvæðis við Hnjúk í Vatnsdal.

Breytingin er til komin vegna áforma landeigenda að hefja landmótun að Hnjúki og nýta efni sem til fellur í vegagerð og framkvæmdir við endurbyggingu hluta Vatnsdalsveggar og hluta Svínvetningabrautar. Með nýju efnistökusvæði í aðalskipulagi Húnavatnshrepps er unnt að mæta eftirspurn eftir efni til vegaframkvæmda og viðhaldi vega í sveitarfélaginu. Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir sem fæstum enn tiltölulega stórum efnistökusvæðum. Skilmálar kveða á um skipulega nýtingu, góða umgengni og frágang að vinnslu lokinni. Efnistakan er ekki bundin við afmörkuð verkefni og má taka efni eins og magnheimildir segja til um. Að efnistöku lokinni er áformað að græða upp jaðra svæðisins en jafnframt að nýta tækifærið og byggja skemmu innan raskaða svæðisins.

### Vistgerðir.

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vefsja Náttúrufræðistofnunar<sup>1</sup> kemur fram að innan skipulagssvæðisins, meðfram Vatnsdalsvegi er að finna vistgerð, Snarrótarvist, sem er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að þessa verði getið í umhverfisskýrslu með skipulagstillögunni, útbreiðsla vistgerðarinnar verði kortlögð og að þess verði gætt, ef komi til framkvæmdar og að rask á vistgerðinni verði lágmarkað eins og kostur er.

### Landslag, ásýnd, frágangur efnistökusvæða

Náttúruverndarstofnun tekur undir mikilvægi þess að hugað sé að landmótun/endurgerð og frágangi jafnóðum og efnistaka fer fram og á meðan vinnsla er í gangi og þegar vinnslutíma líkur. Náttúruverndarstofnun bendir á að með landmótun er hér átt við frágang námusvæða sem felur í sér mótun raskaðra svæða á þann hátt að þau falli sem best að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Markmið landmótunar og viðeigandi uppgræðslu er að sýnileg ummerki efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi algerlega með tímanum þar sem vel tekst til.

Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að með endurgerð jarðmyndunar eða endurgerð lands felur í sér að land er mótað að nýju þar sem jarðmyndun hefur verið skert eða fjarlægð við efnistöku. Markmið landmótunar af þessu tagi er að fella efnistökusvæðið að nánasta umhverfi á þann hátt að það teljist eðlilegur hluti þess. Sá gróður sem fyrir var er látinn aðlaga sig eftir föngum að nýjum aðstæðum.

<sup>1</sup> <https://www.vefsja.is/?z=16.30&lat=65.46240518&lng=-20.34192099>

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson  
**verkefnastjóri**  
Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**